

Papco hf.
Stórhöfða 42
110 Reykjavík

Reykjavík, 25. nóvember 2019
UST201911-110/E.O.
07.05.02

Eftirlit í kjölfar ábendingar um vanmerkta efnavöru frá Papco hf.

Umhverfisstofnun barst ábending frá Heilbrigðiseftirliti Hafnarfjarðar- og Kópavogs- svæðis um að eftifarandi vara sem Papco hf. er ábyrgt fyrir markaðssetningu á hér á landi uppfylli ekki kröfur efnalaga nr. 61/2013 varðandi merkingu efnavora:

Vara	Strikamerki
Premisan Plus hard surface cleaner	5 036142 000313

Myndir sem fylgdu ábendingunni af merkingum sýndu að varan uppfyllir ekki skilyrði efnalaga nr. 61/2013 og reglugerðar nr. 415/2014 um flokkun, merkingu og umbúðir efna og efnablandna, sem innleiðir reglugerð (EB) nr. 1272/2008 sama efnis. Samkvæmt lögnum og reglugerðinni skulu viðvörunarorð, hættusetningar og varnaðarsetningar vera á íslensku auk þess sem nafn, heimilisfang og símanúmer þess birgis sem er ábyrgur fyrir merkingunni þarf að koma fram á merkimiðanum.

Umbúðir skulu merktar með nafni, heimilisfangi og símanúmeri birgis, vörukenni, viðvörunarorði, magni efnis eða efnablöndu, hættumerkjum, hættusetningum og varnaðarsetningum. Texti merkinganna varðandi viðvörunarorð, hættusetningar og varnaðarsetningar skal vera á íslensku nema kveðið sé á um annað í reglugerð. Nánari upplýsingar um eftirlitið og frávakin sem komu í ljós má nálgast í meðfylgjandi eftirlitsskýrslu.

Óheimilt er að markaðssetja vörur sem ekki uppfylla kröfur um merkingar sbr. 3. mgr. 32. gr. efnalaga.

Umhverfisstofnun veitir Papco hf. frest til 9. desember nk. til að senda stofnuninni afrit af íslenskum merkimiða fyrir vöruna *Premisan Plus hard surface cleaner*, sem er uppfærður skv. reglugerð nr. 415/2014 (CLP) á þann hátt að merkingarnar standist kröfur reglugerðar (EB) nr. 1272/2008 og efnalaga nr. 61/2013.

Úrbætur skulu sendar Umhverfisstofnun merktar málsnúmerinu UST201911-110. Rafræn skjöl sendist á ust@ust.is.

Jafnframt er gerð krafa um að sölueintök vörunnar á vörulager og sölustöðum verði endurmerkt með réttri merkingu þegar hún liggur fyrir og hefur verið staðfest af Umhverfisstofnun.

Umhverfisstofnun veitir Papco hf. hér með frest til 9. desember n.k. til þess að koma sjónarmiðum sínum á framfæri, sbr. 13. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993.

Vakin er athygli á því að í samræmi við 5. mgr. 49. gr. efnalaga mun Umhverfisstofnun birta á vefsetri sínu upplýsingar um niðurstöður eftirlits og til hvaða úrræða stofnunin hefur gripið jafnóðum og ákvarðanir um slíkt liggja fyrir. Bréf þetta ásamt meðfylgjandi eftirlitsskýrslu verða birt á vefsíðu stofnunarinnar 2. desember nk. Telji fyrirtækið að efni í bréfinu eða eftirlitsskýrslunni varði hagsmuni sem njóta eigi leyndar skal fyrirtækið tilkynna um það til Umhverfisstofnunar og rökstyðja ástæður þess að efni skýrslunnar ætti að njóta leyndar eigi síðar en 2. desember 2019.

Umhverfisstofnun vekur athygli á því að eingöngu er um að ræða eftirlit með framangreindri vöru og því aðeins gerðar athugasemdir við hana. Hugsanlegt er að aðrar vörur sem Papco hf. flytur inn og/eða markaðssetur standist ekki kröfur efnalaga eða reglugerða settra á grundvelli þeirra.

Umhverfisstofnun vekur einnig athygli á því að samkvæmt XIII. kafla efnalaga er stofnuninni heimilt að beita þvingunarúrræðum til að knýja á um framkvæmd ráðstöfunar samkvæmt lögnum, til að mynda með áminningu sbr. 55. gr., álagningu dagsekta sbr. 56. gr. og stöðvun markaðssetningar sbr. 57. og 58. gr.

Jafnframt er vakin athygli á því að samkvæmt gjaldskrá fyrir verkefni og þjónustu Umhverfisstofnunar nr. 535/2015 innheimtir stofnunin tímajald vegna eftirfylgni eftirlits og beitingar þvingunarúrræða, sbr. 30 gr. gjaldskrárinnar. Komi ekki til frekari eftirfylgni eða beitingar þvingunarúrræða í þessu máli verður ekkert gjald innheimt.

Upplýsingar um um flokkun, merkingu og umbúðir efna og efnablandna má finna á heimasíðu Umhverfisstofnunnar <https://ust.is/atvinnulif/efni/flokkun-og-merking/>.

Fyrirtækinu er velkomið að leita til sérfræðings stofnunarinnar, Einars Oddssonar, í síma 591-2000 eða í gegnum netfangið einar.oddsson@ust.is til að fá nánari upplýsingar um skyldubundnar merkingar og leiðir til úrbóta.

Virðingarfyllst,



Einar Oddsson
Sérfræðingur



Björn Gunnlaugsson
Teymisstjóri

Meðfylgjandi: Eftirlitsskýrsla